

9. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er honum heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Gjört í Reykjavík, 4. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um staðla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hugtökin *staðall*, *alþjóðlegur staðall*, *stöðlun*, *fyrirmæli á tæknisviði*, *tæknileg forskrift* og *sammæli* skulu hafa alþjóðlega viðurkennda merkingu hér á landi eins og hún kemur fram í íslenskum staðli um iðorð í stöðlun og skyldri starfsemi.

2. gr.

Íslenskur staðall er staðall sem hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands.

Heimilt er að gefa út íslenskan staðal á erlendu tungumáli ef sýnt er að það hindri ekki eðlileg not hans.

3. gr.

Staðall er til frjálsra afnota. Stjórnvöld geta þó gert notkun tilgreinds staðals skyldubundna með vísun til haps í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum.

4. gr.

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem áhuga hafa á og hagsmuna hafa að gæta af stöðlun. Aðild að ráðinu er heimil öllum hagsmunaaðilum.

Staðlaráð setur sér starfsreglur sem ráðherra staðfestir. Í þeim skal m.a. kveðið á um skipulag ráðsins, stjórn þess og daglega starfsemi.

Heimilt er að kveða á um í starfsreglum skv. 2. mgr. að stjórn Staðlaráðs eða sérstök nefnd á vegum ráðsins staðfesti fyrir hönd þess staðal sem íslenskan staðal, sbr. 2. gr.

5. gr.

Staðlaráð á aðild að alþjóðasamstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd og fer með atkvæði landsins á þeim vettvangi. Heimilt er þó ráðinu að fela stofnun, fyrirtæki eða samtökum að annast í umboði þess þátttöku í alþjóðastaðlasamstarfi.

6. gr.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal á vegum Staðlaráðs gefa út Staðlatíðindi þar sem m.a. skal:

1. tilkynna um ný stöðlunarverkefni,
2. auglýsa frumvörp að íslenskum stöðlum og kalla eftir athugasemdum innan tiltekins tímafrests og
3. tilkynna um staðfestingu Staðlaráðs á nýjum íslenskum stöðlum.

Við útgáfu auglýsinga og ákvörðun tímafrests samkvæmt þessari grein skal miðað við að þeir sem hagsmuna hafa að gæta geti haft áhrif á gerð staðalsins.

Á vegum Staðlaráðs skal haldin skrá yfir alla gildandi íslenska staðla. Skráin skal birt eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Jafnframt skal Staðlaráð sjá til þess að á hverjum tíma séu til eintök af öllum gildandi íslenskum stöðlum.

7. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Gjört í Reykjavík, 7. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.